

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 128/1997.

Kaldasel ehf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

E. T. ehf.

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Samningur. Umboðslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 440.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. ágúst 1994 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir þeim viðskiptum, sem áfrýjandi reisir á kröfu sína um greiðslu umboðslauna úr hendi stefnda á grundvelli munnlegs samnings málsaðila. Með vísan til forsendna dómsins verður staðfest niðurstaða hans um, að ósannað sé, að samið hafi verið um peningagreiðslu til áfrýjanda fyrir milligöngu hans um kaup stefnda á hjólbörðum frá nafngreindum framleiðanda í Slóvakíu.

Áfrýjandi reisir kröfu sína jafnframt á því, að hann eigi rétt á þóknun fyrir umsýslu sína við kaup stefnda á vörunni, jafnvel þótt ekki hafi verið um það samið. Feli krafan í sér sanngjarna þóknun fyrir þátt hans í viðskiptunum, sem hafi verið stefnda afar hagstæð. Fyrir Hæstarétti vísar hann um það einkum til meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Í héraðsdómi er rakið, hvernig til viðskiptanna var stofnað. Fólu kaup stefnda á umræddum hjólbörðum í sér nokkra kynningu á vöru hins erlenda framleiðanda, sem ekki var þekkt á markaði hér áður. Þá höfðu málsaðilar samvinnu um flutning til landsins á vöru, sem hvor um sig keypti frá þessum erlenda viðskiptamanni, til hags

fyrir áfrýjanda. Gefa gögn í málinu því ekki viðhlítandi stoð, svo að unnt sé að fallast á réttmæti kröfu hans um þóknun, og skortir verulega á, að málið sé nægilega reifað með tilliti til þess.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Kaldasel ehf., greiði stefnda, E. T. ehf., samtals 175.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 18. desember sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. júní sl. Gagnsök er höfðuð með stefnu, sem árituð er um viðtöku 29. ágúst sl.

Stefnandi í aðalsök og stefndi í gagnsök er Kaldasel hf., kt. 681287-1249, Álakvísl 126, Reykjavík.

Stefndi í aðalsök og stefnandi í gagnsök er E. T. ehf., kt. 711090-1189, Klettagörðum 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 440.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1985 frá 31. ágúst 1994 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 31. ágúst 1995. Þá er krafist málskostnaðar. Í gagnsök er krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefndi í aðalsök krefst sýknu og málskostnaðar. Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 140.731 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 31. ágúst 1994 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Málavextir.

Í aðalsök lýsir stefnandi málavöxtum á þá leið, að í apríl 1994 hafi hann og Matador, fyrirtæki í Slóvakíu, gert með sér umboðssamning. Matador sé hjólbarðaframleiðandi, og með samningnum hafi stefnandi orðið einkaumboðsaðili hans hér á landi. Í samningnum komi fram, að Matador sé óheimilt að selja framleiðslu sína öðrum aðilum hér á landi. Stefnandi kveðst hafa

orðið þess var, þegar hann byrjaði að kynna hjólbarðana frá Matador, að nokkurrar tortryggni hafi gætt hjá kaupendum vegna þess, hve ódýrir þeir voru. Stefnandi hafi því talið mikilvægt að koma þeim í umferð sem fyrst og láta þá þannig auglýsa sig sjálfa. Í því skyni hafi hann gert samning við stefnda um sölu á 110 vörubílabörðum. Í fyrsta samningnum hafi falist, að stefndi fengi fyrstu sendinguna á algjöru lágmarksverði, þ. e. innkaupsverði, með þeim sérstaka afslætti, sem Matador hafði boðið af fyrstu sendingu. Að auki hafi stefndi átt að greiða stefnanda umboðspóknun, 4.000 kr. á dekk.

Stefnandi kveðst hafa pantað hjólbarðana 26. maí 1994. Síðar hafi verið ákveðið að hafa flutningsskjölin á nafni stefnda, þar sem stefndi hafi talið sig fá ódýrari flutning hjá Eimskipafélaginu en stefnandi fengi, ef sendingin hefði verið á hans nafni. Stefnandi kveðst hafa sent Matador beiðni um að hafa reikninginn á nafni stefnda, en senda hann stefnanda.

Vörubílabarðarnir hafi átt að koma í 20 feta gámi frá Slóvakíu, og hafi stefnandi ætlað að flytja á sama tíma til landsins fólksbílabarða í 20 feta gámi. Í ljós hafi komið, að litlu hafi munað á flutningskostnaði, hvort sem um 20 eða 40 feta gám væri að ræða. Gámana hafi átt að flytja með lest frá Slóvakíu til Hamborgar, og hafi kostnaður við flutning á þeirri leið verið nákvæmlega hinn sami fyrir 20 feta og 40 feta gáma. Litlu hafi og munað á flutningspóknun Eimskipafélagsins frá Hamborg til Reykjavíkur, hvort sem um 20 eða 40 feta gám var að ræða. Því hafi verið ákveðið, að hjólbarðar stefnanda yrðu settir í 40 feta gám með börðum stefnda, og hafi stefndi ætlað að greiða allan flutningskostnað. Sem endurgjald fyrir hin góðu kjör, sem stefnandi hafi fengið á vörubílabörðunum, hafi hann átt að nota þá sem fyrst undir bíla sína og auglýsa þá þannig.

Reikningur vegna vörubílabarðanna hafi verið stílaður á stefnda í samræmi við fyrirmæli stefnanda. Hann hafi hins vegar verið sendur stefnanda og á hann ritað: „This sale has been mediated by Kaldasel hf.“ Stefndi greiddi flutningskostnað í samræmi við það, sem ákveðið hafði verið; hins vegar hefur stefndi neitað að greiða stefnanda nokkra umboðspóknun, og snýst ágreiningur málsins um þá kröfu stefnanda.

Í aðalsök lýsir stefndi málavöxtum á þá leið, að upphaf málsins hafi verið það, að stefnandi hafi boðið stefnda vörubílabarða, sem stefnandi hafi verið að reyna að koma inn á íslenskan markað. Þeir hafi verið frá Slóvakíu og áður óþekktir hér á landi. Ástæðan fyrir ósk stefnanda um samstarf við stefnda hafi verið sú, að stefndi hafði aðstöðu til að nota og selja vörubílabarða. Stefnandi hafi verið búinn að gera umboðssamning við Matador og þurft að selja ákveðið magn vörubílabarða til að tryggja þann samning.

Hann hafi því beðið stefnda að flytja inn barðana, en sjálfur flutt inn fólksbílabarða. Samkomulag hafi orðið um, að stefndi keypti alls 110 vörubílabarða, en stefnandi keypti fólksbílabarða. Barðarnir hafi allir verið fluttir í einum gámi, og hafi stefndi greitt flutningsgjald fyrir báða, en stefnandi hafi ekki enn greitt sinn hluta. Sendingin til stefnda hafi verið á sérreikningi frá Matador og verið greidd í Búnaðarbanka Íslands. Aldrei hafi komið til umræðu né til greina, að stefndi greiddi stefnanda umboðslaun. Umboðslaun séu greidd af þeim aðila, sem sé seljandi í umboðssamningi. Stefnandi hafi ekki látið sér detta í hug umboðspóknun fyrr en hálfu ári eftir sameiginlegan innflutning aðila. Samstarf þeirra hafi ekki verið um nema þessa einu sendingu, enda hafi hjólbarðarnir ekki reynst svo vel, að ástæða hafi verið til framhaldsviðskipta.

Í gagnsök lýsir gagnstefnandi málavöxtum á þá leið, að skuld sú, sem hann krefji gagnstefnda um í málinu, sé hluti í sameiginlegum innflutningi þeirra á hjólbörðum frá Matador, eins og hér að framan var lýst. Reikningur frá Eimskipafélaginu hafi verið sendur gagnstefnanda, sem hafi verið í viðskiptareikningi þar. Sendingarnar hafi verið aðskildar, þótt þær kæmu í einum gámi, og hafi reikningur Eimskipafélagsins sýnt þá aðgreiningu. Gagnstefnandi kveðst hafa sent gagnstefnda afrit af reikningi Eimskipafélagsins, þar sem fram hafi komið, hver hluti gagnstefnda hafi verið. Gagnstefndi hafi ekki greitt sinn hluta í sendingunni, sem hafi verið skuldfærð á gagnstefnanda, og sé því óhjákvæmilegt að krefja hann um það í dómsmáli.

Gagnstefndi vísar um málavexti til þess, sem hér að framan er rakið um málavexti í aðalsök.

Málsástæður og lagarök.

Í aðalsök skírskotar stefnandi til þess í fyrsta lagi, að stefnda beri að greiða sér umboðslaun í samræmi við samning þeirra. Verði ekki talið sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til þess að greiða stefnanda umboðslaun, sé hann allt að einu skuldbundinn til að greiða umboðslaun á grundvelli meginreglna um umboðssölu og laga um umboðssöluviðskipti. Sé 4000 krónur á hjólbarða sanngjörn póknun, og því beri stefnda að greiða það verð samkvæmt undirstöðurökum 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Verði eigi talið sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til þess að greiða flutningskostnað, sé allt að einu sanngjarnt, að hann greiði þann kostnað auk umboðspóknunar, og beri því samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að hafna hugsanlegum gagnkröfum vegna flutningskostnaðar. Bersýnilega sé ósanngjarnt, að flutningskostnaður dragist frá því lága verði, sem stefndi fékk hjólbarðana á. Verði eigi fallist á það, sem að framan er rakið um flutningskostnað, beri stefn-

anda einungis að greiða flutningskostnað, sem nemi kostnaðarauka stefnda af því að flytja til landsins í 40 feta gámi í stað 20 feta. Stefndi kveður hjólbarðana hafa verið afhenta stefnda 31. ágúst 1994, og því beri stefnda að greiða dráttarvexti af þóknun stefnanda frá þeim tíma.

Stefndi í aðalsök reisir sýknukröfu sína á því, að hvorki hafi staðið til né um það verið samið, að stefndi fengi greiðslu frá stefnda. Greiðslan hafi verið greidd Matador, enda reikningurinn fyrir vörunni verið frá því fyrir-tæki.

Í gagnsök vísar gagnstefndi til þess, að gagnstefnda beri með vísan til meginreglna kröfuréttar um stofnun kröfuréttinda og lögvernd þeirra að greiða framangreinda skuld.

Gagnstefndi styður sýknukröfu sína því, sem að framan er rakið um málsástæður í aðalsök. Gagnstefndi telur það hafa verið hluta af samkomu-lagi aðila, að gagnstefndi greiddi einn flutningskostnað. Ástæðan hafi og verið sú, að litlu munaði í verði fyrir gagnstefnanda, þótt fólkshílabarðarnir kæmu með í sama gámi. Þá heldur gagnstefndi því einnig fram, að sú þókn-un, er hann krefst í aðalsök, sé of lág, ef gagnstefndi þurfi að greiða flutn-ingskostnað. Þóknunin sé samkvæmt samkomulagi aðila og kveði svo á, að gagnstefndi greiði flutninginn. Þannig sé bersýnilega ósanngjarnt, að gagnstefndi þurfi að greiða flutningskostnað.

Niðurstaða.

Stefndi reisir kröfu sína í aðalsök í fyrsta lagi á því, að stefnda beri að greiða sér umboðslaun í samræmi við samkomulag þeirra. Ekkert liggur fyrir skriflegt um þetta samkomulag aðila, og engin vitni hafa borið um það. Við aðalmeðferð gáfu forsvarsmenn aðila skýrslu, og bar forsvarsmaður stefnanda, að samkomulag hefði orðið með aðilum um 4.000 króna greiðslu fyrir hvern hjólbarða, en forsvarsmaður stefnda kvað ekkert slíkt samkomulag hafa verið gert. Voru þeir samþrifaðir, en báðir héldu fast við framburð sinn.

Samkvæmt þessu er ósannað, að aðilar hafi samið um greiðslur frá stefnda til stefnanda fyrir milligöngu um hjólbarðakaupin, og verður stefndi ekki dæmdur til að greiða dómkröfuna á þeirri forsendu.

Í öðru lagi er krafa stefnanda á því byggð, að verði ekki talið sannað, að samkomulag hafi orðið með aðilum um greiðslu umboðslauna, sé stefndi skuldbundinn til að greiða þau á grundvelli meginreglna um umboðssölu og laga um umboðssöluviðskipti nr. 103/1992. Nefnd lög gilda samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra um viðskipti í umboðssölu, sem fram fara milli Íslands og annarra ríkja, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki við þau miðað við úr-lausn þessa máls.

Meginreglurnar um umboðssölu, sem stefnandi kveðst miða við, fjalla væntanlega um sambandið á milli umbjóðanda og umboðsmanns, þ. e. í þessu tilviki fyrirtækisins Matadors og stefnanda, en eru stefnda óviðkomandi. Getur stefnandi af þeim sökum ekki krafist stefnda um greiðslu á grundvelli þeirra.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að sýkna verði stefnda af kröfum stefnanda í aðalsök og dæma stefnanda til að greiða stefnda 120.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Aðalsök var þingfest 25. júní sl. Gagnsök var höfðuð með stefnu, sem árituð var um birtingu 29. ágúst sl. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður að höfða gagnsök innan mánaðar frá þingfestingu aðalsakar, og þar sem það var ekki gert, er óhjákvæmilegt annað en vísa gagnsök frá dómi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þeim þætti málsins.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, E. T. ehf., er í aðalsök sýknaður af kröfu stefnanda, Kalda-sels hf., og skal stefnandi greiða stefnda 120.000 krónur í málskostnað.

Gagnsök er vísað frá dómi, en málskostnaður fellur niður.
